DEILISKIPULAG SÚGANDISEYJAR

STYKKISHÓLMSBÆR

HNITASKRÁ - ISN93

Megin gönguleiðir

Hnit	X	Y
1	324881.34	514063.56
2	324894.71	514078.83
3	324899.48	514080.56
4	324912.25	514085.66
5	324925.87	514091.88
6	324937.72	514092.43
7	324963.80	514083.43
8	324985.23	514077.22
9	324990.34	514075.89
10	324997.07	514083.12
11	324998.39	514085.44
12	324996.36	514092.88
13	324995.06	514100.90
14	325001.29	514088.00
15	325010.71	514093.66
16	325017.77	514102.42
17	325032.08	514118.29
18	325034.03	514115.70
19	325035.28	514112.96
20	325045.91	514134.09
21	325052.72	514145.84
22	325057.69	514154.70
23	325061.92	514155.41
24	325045.19	514164.32
25	325031.87	514172.25
26	325019.93	514182.14
27	325016.09	514184.46
28	325011.62	514184.86
29	325004.13	514183.84
30	324996.02	514181.53
31	324988.87	514177.06
32	324981.68	514171.01
33	324975.48	514166.97
34	324968.47	514164.58
35	324961.87	514162.38
36	324955.96	514158.73
37	324946.23	514158.42
38	324940.50	514161.64
39	324935.83	514159.65
40	324919.82	514144.22
41	324912.56	514134.56
42	324902.64	514122.91
43	324899.01	514123.73
44	324892.14	514119.12
45	324875.96	514107.99
46	324867.71	514103.78
47	324858.70	514096.63
48	324853.84	514090.68
49	324843.58	514079.93
50	324836.89	514074.93
51	324837.42	514071.42
52	324841.97	514069.88
53	324849.01	514069.83
54	324870.61	514079.78
55	324882.10	514092.22
56	324888.71	514096.14
57	324898.30	514092.68
58	324900.25	514103.61

Aðrar gönguleiðir

Hnit	X	Y
59	324989.18	514071.64
60	324975.91	514068.79
61	324968.64	514068.65
62	324961.86	514071.25
63	325039.74	514118.70
64	325044.28	514125.67
65	324945.28	514171.65
66	324952.88	514178.62
67	324921.31	514171.51
68	324904.41	514164.12
69	324892.61	514151.83
70	324891.55	514145.83
71	324893.47	514140.66
72	324897.02	514132.94
73	324873.84	514114.82
74	324870.28	514120.49

Byggingarreitur

Hnit	X	Y
90	324992.72	514107.78
91	324996.30	514107.78
92	324996.30	514104.20
93	324992.72	514104.20
94	325059.21	514160.50
95	325070.33	514160.50
96	325070.33	514152.12
97	325059.21	514152.12

X = austurhnit Y=norðurhnit
Hnit fengin af uppréttri loftmynd, með 10 cm greinihæfni

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

1.1 Staðhættir

Deiliskipulagið tekur til Súgandiseyjar, sem er skilgreind sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Stykkishólms 2002- 2022. Deiliskipulagssvæðið tekur til 3,5 ha svæðis, sem afmarkast af sjó á þrjá vegu og hóhólnni til suðurs og veitir þannig bænum skjól fyrir norðanáttinni, sem getur verið nokkuð hörð. Eyjan er í eigu sveitarfélagsins.
Eyjan var tengd landi með uppfyllingu á árunum 1980-1990, þegar hafnaraðstaða var útbúin fyrir Breiðarfjarðarferjuna. Með tengingunni varð eyjan eftirsóknarverður áfangastaður fyrir heimamenn, gesti bæjarins og þá sem bíða eftir ferjunni. Eyjan blður hún upp á einstök tækifæri til að njóta náttúrunnar á eyjunni sjálfri og stórfengsleys útsýnis yfir Stykkishólm og Breiðafjörð. Á eyjunni er mikið fuglalíf og oft má sjá bæði sel og hvali. Eyjan er girt bróttum stuðlabergsklettum en ofan á henni eru tvær aflíðandi grasivaxnir kollar. Aðkoma að skipulagssvæðinu verður óbreytt með tröppum frá hafnarsvæðinu.
Á hæsta punkti eyjunnar trónir viti, sem reistur var árið 1897 á Gróttu á Seltjarnarnesi en var fluttur í Súgandisey árið 1948. Vitinn er friðaður sbr. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Í deiliskipulaginu er leitast við að tryggja öryggi sjófarenda, meðal annars með því að tryggja að vitinn og siglingamerki þjóni áfram hlutverki sínu. Í dag er eitt siglingamerki staðsett á norðanverðri eyjunni.
Deiliskipulagið miðar einnig að því að lágmarka inngrip. Þetta er meðal annars gert með því að halda legu gönguleiða, staðsetningu áningastaða og með skilmálum er varða efnisval.

1.2 Markmið og forsendur skipulagsins

Meginmarkmið skipulagsins er tvíþætt; annars vegar að skapa ramma utan um svæði fyrir útivistarfólk til göngu- og náttúruupplifunar og hins vegar að tryggja öryggi sjófarenda með sjótengdum mannvirkjum. Þannig byggir skipulagið á núverandi aðstæðum ásamt því að leggja línur um framtíð svæðisins.
Samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar, Landvarsla við Breiðafjörð 2020, þarf að fara í úrbætur á göngustígum og innviðum Súgandiseyjar. Í skýrslunni segir meðal annars: „Hanna mætti útsýnispall/a þar sem einna helst er farið náleegt brúnum. Einnig mætti loka af villustígum með merkingum eða girðingum og græða þá upp eftir megni. Uppfæra þarf kort sem er á skilti við uppgöngu á eyjuna, en kortið sýnir aðeins hluta af göngustígunum." Það er einnig mat sveitarfélagsins að mikil fjölgun ferðamanna kalli á enn frekari uppbyggingu og nýja nálgun í hönnun og efnisvali. að áningarstaðir þurfa að vera stærri að umfangi, bæta þurfi við minni stígum og huga betur að öryggi fólks.
Samkvæmt skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands, sem unnin var fyrir Ferðamálastofu árið 2019, Erlendir ferðamenn í Stykkishólmi sumarið 2018 – Niðurstöður ferðaverjukönnunar, kemur fram að ein helsta ástæða fyrir komu erlendra ferðamanna til Stykkishólms sé staðsetning og fegurð bæjarins og nágrennis. Í skýrslunni kemur einnig fram að áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Stykkishólmi árið 2018 hafi verið um 235 þúsund og að útivist sé vinsælasta afþreying erlendra ferðamanna í bænum. Tæplega helmingur þátttakanda hugðust fara í gönguferð á meðan á dvölinni stóð, um fjórðungur ætlaði í fuglaskoðun, um 20 prósent vildu smakka mat úr héraði, rifega 10% ætluðu að heimsækja sófn og/eða ætluðu í bátsferð. Samkvæmt þessum niðurstöðum, má gera ráð fyrir að margir ferðamenn heimsæki Súgandisey.
Sumarið 2020 stóð Stykkishólmsbær fyrir hönnunarsamkeppni í samvinnu við Félag Íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) um sérstakan útsýnisstað í Súgandisey. Samkeppnin hlaut styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Alls óskuðu 22 hönnunarteymi eftir því að taka þátt í keppninni og voru fögur teymi dregin út til áframhaldandi þátttöku. Tilögumar báru heitin: Fjöreggið, Hólmurinn, Perlan og Stefnið. Þegar dómnefndin hafði valið vinningstillöguna, var valið gert opinbert og nafnleynd létt. Fyrir valinu varð tillagan Fjöreggið, sem var unnin af Glámu-Kím og Landslagi í samstarfi við Ólöfu Nordal og Gunnar Karlsson.
Vinningstillagan hafði afgerandi áhrif á hugmyndafræði og vinnu við deiliskipulag Súgandiseyjar. Í greinargerð með tillögunni kemur meðal annars fram að hófundamir hafi leitast við að finna jafnvægi á milli þess náttúrulega og manngerða, þar sem varfaerni, virðing og auðmýkt gagnvart staðnum voru leiðarstef í hugmyndavinnu og lausn verkefnisins. Þar segir jafnframt að markmiðið með tillögunni sé að hrófla við sem minnstu og bæta við sem fæstu. Þannig leitast hófundarnir við að sækja efni í það sem fyrir er í eyjunni, bæði huglægt og efnislega hvað varðar formgerð, liti og tákn og vísanir í gamlar sagnir og þjóðtrú.
Í megindráttum beinir vinningstillagan sjónum að tveimur áfangastöðum; Klofinu við Stöngina og Fjöreggjinu, sem er fyrst og fremst hugsað sem gleittið, óvant og gamansamt kennileiti sem bjóði upp á einstaka náttúruupplifun. Samkvæmt hófundunum, sækir listaverkið bæði form og tilurð í hið margbrotna fuglalíf Breiðafjarðar þar sem nytjar eggs og fugls hafi verið mikilvægt lífsviðurværi í lífi Breiðfirðinga. Þetta nýta hófundar sér sem myndbirtingu lífs og að lífskeðju sé enn sé órofin. Í greinargerðinni segja hófundar einnig frá því að í þjóðsögunum tákni fjöreggið varðveislu lífs og gæfu. Þar segir frá því að tröll hafi spilað djarft með fjöreggin sín með því að henda þeim á milli uns þau dóu út. Þessi skírskotun til lífs og gæfu og þess hversu fallvalt og viðkvæmt lífið sé, undirstrikar enn frekar hugmyndafræðilega nálgun listaverksins. Fjöreggið í Súgandisey vegur salt á á brúninni og minnir okkur þannig á að „leika okkur ekki að fjöreggi náttúrunnar, heldur í fjöreggi náttúrunnar."
Tillagan gerir ráð fyrir því að Fjöreggið verði steypt í brons, sem tekur á sig náttúrulega spanskgrænu; litatón og áferð ræðst af veðrun umhverfisins. Veggimir eru þunnir sem skel með götum sem teikna flekki á eggið eins og á eggjum sjófugla. Upplifunin inni í egginu sjálfu byggir á samspili umhverfishljóða, sjávarlyktar, sólar og skugga. Þessum töni er haldið áfram í hönnun handriðs og áningarstaðar við Klofið sunnan við Stöngina, en handriðið verður úr smíðastáli sem fær að veðrast og ryðga. Handriðið veitir gestum betra og öruggara aðgengi til þess að njóta návistar við stuðlabergsklettana, sjóinn og skoru í berginu þar sem sjá má fugla. Handriðið er breytilegri fjarlægð frá bjargbrúninni og gefur tækifæri til að skoða Stöngina frá öllkum sjónarhornum. Það er hæst og þéttast þar sem það liggur næst bjargbrúninni en lækkar eftir því sem fjær dregur. Hönnun handriðsins líkir þannig eftir öldum hafsins og vinds í grasi.

1.3 Aðrar skipulagsáætlanir

Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 var samþykkt í svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi þann 14. nóvember 2014 og síðan staðfest af Skipulagsstofnun þann 24. mars 2015. Svæðisskipulagið nær til sveitarfélaganna Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Stykkishólmsbæjar, Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshreepps. Í svæðisskipulaginu er meðal annars mörkuð stefna um staðaranda og gæði.
Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022 var staðfest af Umhverfisráðherra þann 9. júlí 2002. Eins og getið er að ofan, þá er Súgandisey skilgreind sem óbyggt svæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er lögð áhersla á verndun og varðveislu gamla bæjarins í Stykkishólmi og umfjöllun um að landslag haldi sem mest einkennum sínum þar. Þá er sérstaklega hugsað til þess að takmarka landfyllingar í deiliskipulagsáætlunum og aðlögun nýrra framkvæmdaáforma að gamla bænum.
Þar sem ekki er mörkuð stefna um Súgandisey í aðalskipulagi sveitarfélagsins að öðru leiti en því að þar eigi að vera óbyggt svæði, var talin þörf á að fara í lýsingarferli deiliskipulags sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulag Súgandiseyjar stýður við og er í samræmi við ofangreindar skipulagsáætlanir.

1.4 Menningarminjar

Fornleifaskráning var framkvæmd fyrir Stykkishólm af Ágústi Ólafi Georgssyni árið 1987. Þessi skráning er notuð sem grunngagn í Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og er minjum raðað þrjá flokka (A, B og C) eftir minjagildi. Engar friðlýstar fornminjar samkvæmt þessari flokkun er að finna innan skipulagssvæðis. Minjastofnun Íslands setti fram lögbundna staðla fyrir fornleifaskráningu árið 2012 skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Samkvæmt stöðlunum eru ofangreindir flokkar ekki lengur til heldur eru aliar minjar, 100 ára og eldri, friðaðar. Þessi breyting leiddi til þess að vitinn á Súgandisey, sem reistur var árið 1897, er nú friðaður vegna aldurs. Í tengslum við deiliskipulagsvinnu þessa, var framkvæmd húsaskráning fyrir vitann sbr. 16. gr. laganna. Samkvæmt skráningunni er varðveislugildi hans metið hátt þar sem ljóshúsið er frá árinu 1897. Vitinn hefur því ótvírætt minjagildi vegna aldurs.
Í 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar segir ennfremur: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands."

1.5 Umhverfismál og náttúruvernd

Í gildi eru lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Stærð svæðisins sem lögin ná til er um 20.000 ha og taka lögin til Súgandiseyjar.
Samkvæmt lögunum skal Breiðafjarðarnefnd, í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru fram. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014- 2019 var staðfest af umhverfisráðherra fyrir árin 2015-2019.
Breiðafjörður er einnig á skrá Important Bird Areas (IBA) fyrir alþjóðleg mikilvæg fuglasvæði. Samkvæmt Náttúrustofu Vesturlands, verpa þúfutittlingur og marjulerla reglulega á eyjunni og sum ár einnig aðrir fuglar. Frá eyjunni má sjá fiesta fugla fjarðarins. Þó ekki sé mikið fuglalíf í klettunum sjálfum, hafa hrafnar gert sér laup í suðvestur hluta eyjunnar. Einnig sést oft til sela og hvala; einkum hnýðings, hnísu eða háhymings.
Brattar og háar hliðar Súgandiseyjar eru með formfögrum stuðlabergsmyndunum. Berggrunnur eyjarinnar er basískur, með lsúrt gosberg frá síðö-tertíer tíma, um 3.3 milljón ára gamalt. Jarðskjálftahætta er lítil á svæðinu og ólíkleigt er að sterkur skjálfti verði á þessum slóðum með hliðsjón af legu helstu skjálftabelta.
Í klettabeltinu sem umlykur eyjuna, má finna ýmsar saltþolnar plöntur og fallegar fléttur. Athyglisverður munur er á tegundasamsetningu fléttna eftir áttum. Skýrastur er munurinn á suðausturhorni eyjarinnar þar sem óðru megin eru ljósleitar fléttur en hinum megin appelsínugular. Ofan á eyjunni sjálfri eru grös og stærir ríkjandi, þótt finna megi ýmsar aðrar plöntur.
Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun Íslands um Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi finnast þrjár vistgerðir með mjög hátt eða miðlungs verndargildi á svæðinu og eru þær á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Hafa ber í huga að kortagrunnur Náttúrufræðistofnunar er unninn í mælikvarðanum 1:25.000 og er þar af leiðandi ónákvæmur fyrir svo lítið svæði sem eyjan er. Fyrst ber að nefna starungsmýravist, sem hefur mjög hátt verndargildi. Þessi vistgerð finnst á mjög afmörkuðum svæðum eins og lítum dældum og lautum. Í henni getur verið rikt fuglalíf og verpa þar fuglategundir eins og þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan, stelkur, lóuþræll og spói, en tvær síðast nefndu tegundimar eru ábyrgðartegundir Íslands. Í Súgandisey má finna tvær vistgerðir sem hafa miðlungs verndargildi: annarsvegar lyngmóavist á láglendi, sem vex í norður og austur hlíðum eyjunnar og stinnastarvist, sem finnst í suðurhlíðum eyjunnar. Í lyngmóavist á láglendi getur verið alríkulegt fuglalíf og verpa þar meðal annars þúfutittlingur, hrossagaukur, spói, heiðlóa, lóuþræll og rjúpa.
Stinnastararvist er nýr flokkur vistgerða og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í stinnastararvist getur verið miðlungs rikt fuglalíf og eru algengustu varpfuglar þúfutittlingur, spói, heiðlóa, hrossagaukur og lóuþræll.
Á framkvæmdatíma skal taka sérstaklegt tillit til starungsmýravistar og fuglalífs sem nýtir slíka vistgerð til varps. Jarðraski sem fylgir framkvæmdum skal stillt í hóf eins og kostur er og ef landsár verða, skal græða jafnóðum upp með staðargróðri.
Snæfellsnes hefur hlotið umhverfisvottun Earth Check fyrir sjálfbærni í ferðaþjónustu. Sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi, sem eru Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær, er fyrsta samfélagið í Evrópu sem hlýtur slíka vottun og fjórða samfélagið í heiminum. Stykkishólmur hefur verið framarlega í umhverfismálum á Íslandi. Má þar meðal annars nefna að Stykkishólmshöfn er fyrsta hófnin á Íslandi til að hljóta alþjóðlegu umhverfisvottunina Bláfánann og bærinn hlaut viðurkenningu EDEN sem gæðaáfangastaður í ferðaþjónustu árið 2011.
Við gerð deiliskipulagsáætlunarinnar voru umhverfismál og náttúruvernd höfð í fyrirúmi og mótar þannig áherslur fyrir áframhaldandi hönnunarvinnu og grunn að framtíðarsýn eyjarinnar. Skipulagið er í samræmi við lög um vernd Breiðarfjarðar nr. 54/1995, verndaráætlun Breiðafjarðar 2014- 2019 og Framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2019- 2023 um sjálfbærni í ferðaþjónustu samkvæmt vottunarkerfi Earth Check.

2 SKIPULAGSSKILMÁLAR

2.1 Samgöngur

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá hafnarsvæði Stykkishólmshafnar. Tröppur liggja þaðan upp á eyjuna. Aðkoma Vegagerðarinnar varðandi nauðsynlegar breytingar, viðhald og þjónustu skal ávallt vera tryggt sbr. vegalögum, lög um vitamál og Hafnalög.
Heimilt er að setja ný siglingamerki innan skipulagssvæðis þar sem þarf. Frágangur skal vera snyrtilegur og ganga frá öllum landsárum.

2.2 Efnisnotkun

Innan skipulagssvæðis skal hafa að leiðarljósi við val á efni að það falli vel að umhverfi og staðaranda. Efnisval og útlit skal vera samræmt. Ef þess er kostur skal nota efni frá Súgandisey eða nágrenni eins og torf í sniddukanta, grjót í gólfögn, þrep og sæti, og möl í stíga. Harðgert timbur, sem er látið grána, má einnig nota í bekki, þrep og gólf. Smíðastál sem ryðgar má notað í þrep, handrið, skilti og sorplát. Listaverkið Fjöreggið verður úr brons/kopar eða sambærilegu efni.

2.3 Gönguleiðir

Aðkoma að Súgandisey er upp tröppur sem eru staðsettar að sunnanverðu. Gönguleiðir eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Stuðst er meðal annars við rannsókn Umhverfisstofnunar, Ferðahegðun við Súgandisey, sem framkvæmd var í júlí 2020, við ákvörðun um legu gönguleiða og áningastaða. Samanber rannsókn Umhverfisstofnunar og rýni í gróðursilt vegna ástroðnings, er augljós tilhneiging hjá fólki að ganga mjög nærri klettabrúnum. Hingað til hefur verið reynt að leiða fólk frá þeim, eins og núverandi göngustígakerfi ber glöggt merki. Til að koma til móts við þessa hegðun fólks verður brugðið á það ráð að leggja til nokkrar gönguleiðir meðfram klettabrúnum á vel völdum stöðum sem varðar eru með handriðum til að tryggja öryggi fólksins.
Megin gönguleiðir verða að hámarki 2 m á breidd og aðrar gönguleiðir verða að hámarki 1 m á breidd. Gönguleiðir skulu vera greiðfærar og falla vel inn í landið. Göngustígar skulu vera malarbornir eða að jarðvegur er hreinsaður ofan af klöpp. Þrep og tröppur skulu vera úr harðgerðu timbri sem er látið grána eða hlaðnar úr staðargrjóti eða úr smíðastáli sem ryðgar. Tröppur upp á eyjuna þarf að endurhanna í samræmi við byggingarreglugerð.

2.4 Handrið

Um er að ræða handrið sem annars vegar hefur það hlutverk að beina göngufólki ákveðna leið og hins vegar að auka öryggi þess. Með uppsetningu handriða er hægt að færa gönguleiðir og áningarstaði nær brúnum, en auka samtímis öryggi fólks og bæta náttúruupplifun þeirra. Staðsetning handriða eru sýnd á skipulagsuppdrætti. Handrið skulu vera úr svörtu smíðastáli sem ryðgar og vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

2.5 Áningarstaðir

Áningarstaðimir bjóða upp á fjölbreytt útsýni og náttúruupplifun, eins og t.d. yfir bæinn/hófnina, innsiglinguna og Breiðafjörðinn. Um er að ræða átta áningarstaði. Áningarstaðirnir eru sýndir á skipulagsuppdrætti og eru skilgreindir með nöfnum. Gólf áningarstaða skal vera malarborin eða jarðvegur hreinsaður af klöpp og hún notuð sem yfirborð eða lögð náttúrugrjóti eða úr harðgerðu timbri sem er látið grána. Tveir áningarstaðir eru með bygginarreit. Annars vegar fyrir vitann og hinsvegar fyrir Fjöreggið.

2.6 Upplýsingarskilti

Gert er ráð fyrir að koma upp fræðslu- og upplýsingaskilti við tröppur sem liggja upp á eyjuna og á áningarstöðum eftir þörfum. Heimilt er að merkja gönguleiðir og setja upplýsingarskilti í grennd við áhugaverða staði sem talið er æskilegt að merkja. Fjöidi og stærð skilta skal haldið í lágmarki og þau skulu vera liggjandi. Þau skilti sem sett verða upp skulu vera samræmd hvað varðar útlit og efnisval. Umgjörð og undirstöður skilta skulu falla vel að umhverfinu. Þær skulu vera úr svörtu smíðastáli sem ryðgar.

2.7 Bekkir

Gert er ráð fyrir bekkjum í tengslum við gönguleiðir, áningarstaði og möguiega á öðrum stöðum eftir því sem þörf þykir. Bekkirnir þurfa að falla vel að umhverfi. Bekkir skulu vera úr harðgerðu timbri sem er látið grána og/eða úr staðargrjóti, og/eða smíðastáli sem er látið ryðga.

2.8 Sorp

Sorpílát skulu sett upp í tengslum við áningastaði og/eða á krossgötum gönguleiða. Sorpílát skulu vera úr svörtu smíðastáli sem ryðgar. Sorp, losun og fórgun skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni.

2.9 Gróður

Óheimilt er að gróðursetja plöntur sem eiga ekki uppruna sinn í Íslensku plöntuflóruinni innan skipulagssvæðis. Landsár skulu grædd upp með staðargróði.

2.10 Lýsing

Ljós er á vitanum. Heimilt verður að setja upp milda lýsingu inn í Fjöreggið og í tröppur upp á eyjuna. Önnur lýsing er ekki heimil á eyjunni.

3 BYGGINGARSKILMÁLAR

Framkvæmdaraðili sækir um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar.

3.1 Byggingarreitir

Tveir byggingarreitir eru skilgreindir innan skipulagssvæðis. Annars vegar utan um vitann og hins vegar þar sem fyrirhugað er að setja upp listaverkið Fjöreggið.

3.2 Vitinn

Heimilt er að endurbyggja vitann ef þess gerist þörf.
Byggingarefni skal vera jármsteypa, að eins mikiu leiti og kostur er.
Hæð er að hámarki 3,5 m.
Litaval skal vera í samræmi við krófur hafnarstjórnar.

3.3 Siglingamerki

Heimilt er að endurbyggja siglingamerki og setja ný siglingamerki innan skipulagssvæðis þar sem þörf er á.

3.4 Fjöreggið

Byggingarefni skal vera brons/kopar eða sambærilegt efni.
Hæð er að hámarki 5,5 m.
Breidd er að hámarki 4 m.
Litaval skal vera náttúrleg spanskræna eða brons.

4 UMHVERFISÁHRIF

Lögð er áhersla á í skipulagsáætlununni að raska sem minnst landslagi, jarðmyndunum, lífríki og/eða menningarminjum á eyjunni. Talið er að áhrif vegna framkvæmda verði ekki veruleg. Með því að stýra umferð gangandi fólks er verið að vernda svæðin sem hafa verið röskuð vegna ástroðnings, með bættum gönguleiðum og/eða handriðum, verður hægt að græða þau sár upp sem er mjög jákvætt. Samfélagsleg og hagræn áhrif skipulagsins verða jákvæð, þar sem uppbygging mun leiða af sér að fólk staldri við í sveitarfélaginu, öryggi fólks verði betur tryggt, upplifun verður jákvæðari og innihaldsríkari og eykur jákvætt orðspor svæðisins.
Deiliskipulagsáætlunin markar stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, en svæðið nýtur verndar samkvæmt sérlögum, þ.e. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Framkvæmdir innan verndarsvæðis geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Framkvæmdaraðila ber þá að tilkynna Skipulagsstofnun um hana, en stofnunin tilkynnir hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum.

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Lýsing tillögu deiliskipulags fyrir Súgandisey var sambykkt af skipulags- og byggingarnefnd þann 3. maí 2021. Í kjölfarið var skipulagslýsingin kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins þann 4. maí 2021 og hóðð til sýnis í ráðhúsi bæjarins. Bæjarstjórn sambykkti þann 12. maí 2021 að auglýsa skipulagslýsinguna og var hún auglýst þann 18. maí 2021 á heimasíðu sveitarfélagsins með athugasemdafresti til 4. júní 2021. Skipulagslýsingin var send til eftirfarandi umsagnaraðila: Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands, Umhverfisstofnun, Hafnarstjórn Stykkishólmshafnar og Vegagerðin. Einnig var óskað eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar og Svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi sem standa að Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014- 2026. Engar ábendingar bárust. Umsagnir bárust frá öllum aðilum að frátöldum Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Náttúrustofu Vesturlands. Skipulagslýsingin var sambykkt af bæjarstjórn þann 26. júní 2021 og var brugðist við framkomnum ábendingum við frekari mótun deiliskipulagstillögunnar.
Deiliskipulagstillagan var kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á opnum dögum í ráðhúsi Stykkishólms, dagana 25. og 26. ágúst 2021. Á fundi sínum þann 30. september 2021, sambykkti bæjarstjórn að auglýsa tillöguna sbr. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og var tillagan auglýst þann 21. desember með athugasemdafresti til og með 4. febrúar 2022. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma tillögunnar. Tvær athugasemdir, sem bárust 31. ágúst 2021, voru teknar til meðferðar á fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 17. febrúar 2022 og afstaða tekin til þeirra. Á fundi bæjarstjórnar þann 24. febrúar 2022 sambykkti bæjarstjórn afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar. Tillagan var send til yfirferðar Skipulagsstofnunar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Stofnunin yfirfór framlögð gögn og gerði ekki athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um sambykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

6 LÖG OG REGLUGERÐIR

Að öðru leyti er vísað til gildandi laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulagslög (1223/2010), lög um mannvirki (160/2010), lög um náttúrverndi (60/2013), vegalög (80/2007), lög um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998), lög um menningarminjar (80/2012), skipulagsreglugerð (90/2013), byggingarreglugerð (112/2012), lög um vitamál (132/1999) og Hafnalög (61/2003).



AUGLÝSING OG SAMÞYKKT

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var sambykkt í bæjarstjórn þann 24. febrúar 2022.

Jakob Björgvin Jakobsson
BÆJARSTJÓRI

Sambykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 1. apríl 2022.

DEILISKIPULAG SÚGANDISEYJAR
STYKKISHÓLMSBÆR

landlínur

Mælikvarði	Dagsetning	Verkheiti	Skráarheiti	Uppdráttur
1:1000 (A1)	20.12.2021	d1290-Súgandisey	d1290-Súgandisey.dgn	VÞ/SÓÅ
	01.03.2022	Kafli 5 Kynning og samráð uppfærður.		
	23.03.2022	Kafli 5 Kynning og samráð uppfærður.		

Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA